

Nr. 36
28. nóv.

Lög

um

Þingfararkaup alþingismanna.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Alþingismenn skulu hafa 12 kr. þóknun daglega, bæði fyrir þann tíma, sem þeir sitja á Alþingi, og þann tíma, sem fer til ferða að heiman til þings og heim af þingi.

2. gr.

Ferðakostnað fá alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, endurgoldinn ettir reikningi.

Sameinað Alþingi kýs nefnd, sem úrskurðar þingfararkauptsreikninga alþingismanna, en forsetar þingsins ávísar upphæðunum.

3. gr.

Auk hinnar daglegu þóknunar fá alþingismenn samskonar uppbót á henni eins og embættismenn landsins fá á launum sínum samkvæmt launalögum.

4. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum greiðast úr rikissjóði.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920. Þó skal dýrtíðaruppbót sú, er um getur í 3. gr., greiðast frá 1. júlí 1919 af núverandi kaupi, og ferðakostnaður alþingismanna 1919 eftir ákvæðum 2. gr.

6. gr.

Nr. 36
28. nóv.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 10, 22. okt. 1912, um þingfararkaup alþingismanna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 28. nóvember 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R

(L. S.)

Jón Magnússon.

Lög

um

breyting á lögum nr. 1, 2. jan. 1917.

Nr. 37
28. nóv.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmaeri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru.

Fyrri málslíður 2. gr. hljóði svo:

Ráðherrar hafa 10000 kr. í árslaun. Auk þess skal sá ráðherrann, sem er forseti ráðuneytisins, hafa leigulausan bústað og 4000 kr. í risnufje á ári.

Launaákvæði laga þessara skulu gilda frá 1. júlí 1919.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða

Gefið á Amalíuborg, 28. nóvember 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.